

# Íslenska og undirbúningur fyrir háskólanám

---

HUGVÍSINDASVIÐ

[www.hi.is](http://www.hi.is)

---



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Fundur með skólameisturum

Hátíðarsal Háskóla Íslands, 11. maí 2009

*Eiríkur Rögnvaldsson*

# Þrenns konar hlutverk íslenskunáms

- Almennur undirbúningur fyrir lífið
  - málnotkun, ritun, menningarsaga og –læsi
- Almennur undirbúningur fyrir háskólanám
  - ritgerðasmíð, rökleg framsetning, framsögn
- Undirbúningur fyrir háskólanám í íslensku
  - málfræði og –saga, bókmenntafræði og –saga

# Úr tillögum að aðalnámskrá, 2005

- Með íslenskukennslu í framhaldsskólum skal stuðlað að því að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til íslensku og kynnist áhrifamætti og margbreytileika málsins. Þeir eiga að nýta móðurmálskunnáttu sína við lausn skólaverkefna og í félags- og tómstundastarfi. Nemendur eiga að þjálfast í notkun handbóka og gagnabanka og geta nýtt sér Netið markvisst við lausn verkefna. Þeir eiga að fá tækifæri til túlkunar, tjáningar og sköpunar, fá viðfangsefni í samræmi við hæfileika og áhugamál, þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum og öðlast hæfni í að leysa verkefni í samstarfi við aðra.



# Úr tillögum að aðalnámskrá, frh.

- Í aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla er íslenskunámi skipt í fjóra meginþætti: a) talað mál, b) ritun, c) málvísi og d) lestur og bókmenntir. Þessir þættir eiga að styðja hver annan, tengjast og skarast og fléttast saman í eina heild. Í þessu felst að t.d. hugtakakerfi bókmenntafræði og málfræði verði ekki meginviðfangsefni í sjálfu sér heldur kynnt, kennt og notað í tengslum við umfjöllun um talað mál og ritað til stuðnings og skilningsauka. Einnig er lögð áhersla á að nemendur þjálfist í íslensku í öllum námsgreinum framhaldsskóla. Íslenskukennsla í framhaldsskóla á að vera heildstæð og því skal lögð áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, jafnvægi þeirra og eðlilega stígandi í náminu. Samstarf við heimilin er æskilegt í tengslum við íslenskukennsluna, ekki síst hvað varðar lestur og tjáningu.

# Talað mál

- Nemandi á að
  - vera fær um að flytja mál sitt frammi fyrir hópi skýrt og skipulega af sjálfsöryggi
  - geta fært rök fyrir máli sínu
  - geta unnið skipulega og markvisst í hópi, tekið virkan þátt í umræðum og skipulagt hópvinnu
  - geta tekið gagnrýni á framsögn og málflutning og nýtt sér hana til úrbóta
  - geta staðið fyrir viðamikilli kynningu á tilteknu efni

# Ritun

- Nemandi á að
  - hafa þjálfast í margskonar ritun og geta samið og byggt upp flókna texta
  - hafa góð tök á skapandi skrifum
  - geta gengið frá ritsmíðum á viðeigandi hátt
  - vera fær um að afla sér heimilda og nýta þær
  - geta fært rök og gert grein fyrir skoðunum sínum í rituðu máli
  - geta unnið heimildavinnu og gengið frá texta með faglegum vinnubrögðum á sjálfstæðan hátt

# Málvísi

- Nemandi á að
  - geta nýtt sér málfræðileg og stílfræðileg hugtök við greiningu texta
  - skilja helstu hugtök setninga- og hljóðfræði og geta beitt þeim í umfjöllun um móðurmál og önnur tungumál
  - þekkja þróun íslenskrar tungu, stöðu hennar og hlutverk í málsamfélagi heimsins
  - hafa tamið sér jákvætt viðhorf til móðurmálsins og áhuga á að vanda mál sitt og vernda

# Lestur og bókmenntir

- Nemandi á að
  - efla lesskilning og auðga orðaforða sinn
  - gera sér grein fyrir mikilvægi bókmennta í samfélaginu
  - skilja bókmenntatexta og aðra frásagnarmiðla í menningarsögulegu og þjóðfélagslegu samhengi
  - geta beitt bókmennta- og bragfræðihugtökum
  - öðlast þroska, víðsýni og umburðarlyndi við lestur fjölbreytilegra texta
  - verða gagnrýninn lesandi



# Breytingar á námskrá

- Aukin áhersla á ritun, talað mál og lestur
- Stafsetningarkennsla kemur að langmestu leyti í hlut grunnskólans
- Setningafræði verður aðeins kennd í framhaldsskóla
- Rökfærsluritgerð í grunnskóla leggur línur fyrir breyttar áherslur á því skólastigi
- Málfræðikennsla fer fram í öllum áföngum framhaldsskóla
- Hlustun er gert hátt undir höfði í grunnskóla
- Meiri áhersla er lögð á hópvinnu og að þjálfra samskipti og samstarf en áður hefur tíðkast

# Forsendur breytinga

- Ljóst er að ef uppfylla á kröfur menntamálaráðuneytis um að bæta munnlega og skriflega færni nemenda þurfa róttækar og kostnaðarsamar aðgerðir að koma til, s.s. endurmenntun kennara, aukin námsefnisgerð, fækkun nemenda í hóp, lækkuð kennsluskylda og fleiri kennslustundir. Það er brýnt að mæta þessum kröfum og endurskoða námskrár af og til – líta í eigin barm í leiðinni og spyrja sig spurninga um áherslur í námi og kennslu. Íslenskukennsla er frekar íhaldssöm í eðli sínu eins og sést á þessum tillögum.
  - Steinunn Inga Óttarsdóttir, *Netla*, 19. desember 2005



# Eru áherslur réttar?

- Er beyginga- og orðmyndunarfræði nauðsynlegt fag, þ.e. eins og þessi fræði eru víðast kennd nú á dögum? Verða menn betur máli farnir ef þeir geta þulið upp forskeyti og viðskeyti? Hvað með málsögu? Er hún ekki bara háskólafag? [...] það má velta fyrir sér hvort nefjun og stóra brottfall sé brýn nauðsyn grunn- og framhaldsskólastigi. Eða fornyrðislag, hringhenda, sonnetta, tersína, hækka, svo ég nefni dæmi um kennslu eða námsefni sem lítið skilur eftir sig en byggist á gömlum hugmyndum um stúdentspróf, hefð og vana? Fallorð, sagnorð og smáorð stjórna t.d. furðu miklu í málfræðikennslu í grunnskólum landsins og miða við eina námsbók á ári. Við verðum að hætta stagli í málfræði og að beygja sagnir í kennimyndum án tilgangs eða heildarsýnar. Fall á nafnháttum, til hvers að læra það? [...] það er samhengi tungumálsins sem er mikilvægt en ekki örlitlar einingar þess.

– Steinunn Inga Óttarsdóttir, *Netla*, 19. desember 2005



# Kunnáttá nýnema í háskólanámi

- Nýnema í íslensku skortir þjálfun í
  - málfari og framsetningu
  - röklegri byggingu og efnisskipan
  - fræðilegri röksemdafærslu
  - heimildanotkun, heimildamati, tilvísunum
- En auk þess skortir þá kunnáttu og skilning
  - á málfræðilegum hugtökum og málkerfi

# Úr reglum um inntökuskilyrði, 2009

- Stúdentar sem hefja grunnám til fyrstu háskólagráðu í Háskóla Íslands skulu hafa lokið stúdentsprófi, eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Deildir geta bundið aðgang að námsleiðum frekari skilyrðum, svo sem nánar greinir í 3. – 23. gr. reglna þessara.
- Upplýsingum um inntökuskilyrði deildar skal komið á framfæri í kennsluskrá, á vefsetri háskólans og í kynningarefni til nýrra stúdenta. Skal skýrt tekið fram að inntökuskilyrði geti verið mismunandi milli deilda og námsleiða, þannig að skráning í eina deild eða námsleið veiti ekki sjálfkrafa rétt til skráningar í aðra.
- Við upplýsingagjöf um inntökuskilyrði í grunnám skulu leiðbeiningar enn fremur veittar um frekari undirbúning sem deild telur æskilegan fyrir einstakar námsleiðir, með vísan til einingafjölda í tilteknum grunngreinum mennta- eða framhaldsskólanáms eða annarra atriða.



# Inntökuskilyrði í íslensku skv. reglum

- Til að hefja nám við íslensku- og menningardeild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi frá íslenskum framhaldsskóla eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. [...] Æskilegur undirbúningur fer eftir markmiðum þeirrar námsleiðar sem valin er. Nánari upplýsingar þar um eru í kennsluskrá og kynningarefni til nýrra stúdenta.
- Inntökuskilyrði hafa ekki verið skilgreind nánar
  - þótt oft sé miðað við stúdentspróf af bóknámsbraut



# Breyttur og bættur undirbúningur

- Almennur undirbúningur:
  - meiri þjálfun í lestri og málnotkun
  - mikil aukning í hvers kyns ritun og ritgerðasmíð
- Undirbúningur fyrir íslenskunám:
  - meiri málfræði og bókmenntafræði
  - auknar kröfur um einingafjölda til stúdentsprófs
  - hugsanlega inntökupróf

Þökk fyrir áheyrnina.

eirikur@hi.is

